

Þingsályktun

um að styrkja samstarf við Grænland og Færeyjar um sjávarútvegsmál.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að styrkja samstarf við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um sjávarútvegsmál til að nýta til fulls þá sérstöðu sem Vestur-Norðurlönd hafa sem sjávarútvegssvæði. Ríkisstjórnir landanna kanni hvernig löndin geti aukið samstarf sitt á sviði sjávarútvegsmála og leggi niðurstöðurnar fram í sameiginlegri greiningu sem send verði til Vestnorræna ráðsins. Greiningin fjalli m.a. um:

- samstarf á sviði sjávarútvegsmála,
- samstarfsmöguleika á sviði fiskveiðistjórnunar,
- möguleika á sameiginlegu vestnorrænu vörumerki og sameiginlegri markaðssetningu fiskafurða,
- samstarfsmöguleika á sviði hafrannsóknna,
- stöðu umhverfismála og sjálfbærni,
- kosti og galla aukins samstarfs um betri aðgang að mörkuðum, þar á meðal markaði Evrópusambandsins,
- möguleika á sameiginlegri stefnu og samningagerð á sviði sjávarútvegsmála,
- svið þar sem löndin þrjú standa sterkari saman en ein sér þegar kemur að sjávarútvegsmálum.

Samþykkt á Alþingi 16. mars 2016.